

Foreldrafélag Lágafellsskóla

1. fundur vetur 2020-2021, mán. 28. sept. 2020 í Kletti golfskála

Viðstödd: Aldís, Ólöf, Sonja, Danielle, Eva, Grétar, Valdimar, Egill, Jógvan, Unnur (ritar).

- Danielle er nýr fulltrúi félagsins í SAMMOS með Grétari. Egill er varamaður.
- Bæta þarf nýjum stjórnarmeðlimum við facebook-síðu stjórnar, eyða eldri út.
- Aldís veitir Unni aðgang að gögnum félagsins á Google Drive og mun koma til hennar lykli að skólanum sem foreldrafélagið varðveitir.
- Gjaldkeri hefur undirbúning við útsendingu greiðsluseðla vegna árgjalds. Ákveðið að senda frekar út að hausti en að vori til að koma í veg fyrir að foreldrar greiði fyrir börn sem ekki verða í skólanum komandi vetur. Reynslan sýnir að betra er að setja þetta inn sem ógreiddan reikning heldur en valgreiðslu, því þær sjá ekki allir. Sem fyrr verður gætt að því að af þeim séu ekki teknir dráttarvextir, og að hver fjölskylda fái einn greiðsluseðil óháð barnafjölda sem sækir skólann.
- Skoða þarf hvernig endurgreiðslu Mosfellsbæjar á útlögðum kostnaði FFLS vegna fræðslukvölds um svefn síðasta vetur verður háttað.
- Stjórnutjald fyrir 6. bekk: Sonja hefur samband við þau sem sjá um tjaldið.
- Skipuleggja kaffihúsakvöld fyrir unglinga og foreldra þeirra í nóv. nk.
 - Þarf að hafa Covid-takmarkanir í huga, t.d. gætu krakkarnir mætt á staðinn og verið saman, en streymi eða upptaka fyrir foreldra.
 - Annar slíkur viðburður í lok. feb.
- Mætti skoða einhver verkefni til að auðvelda fjölskyldum af erlendum uppruna að komast inn í skólakerfið og skólasamfélagið? Hver er þróun í Mosfellsbæ varðandi nýja Íslendinga?
 - Mætti ræða á vettvangi SAMMOS og koma þaðan á dagskrá fræðslunefndar.
 - Hvernig stendur Lágafellsskóli hvað þetta varðar?
- Langir biðlistar eftir námi á ákveðin hljóðfæri í tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar.
 - Ræða á vettvangi SAMMOS að óska eftir upplýsingum um stöðuna.
- Skipuleggja rafræna kynningu fyrir bekkjarfulltrúa frá Heimili og skóla líkt og í fyrra.
- Unnur tekur stöðuna á bekkjarfulltrúum og uppfærir skjalið síðan í fyrra.
- Starfi félagsins er miðlað gegnum facebook-síðu þess. Gera þarf átak í að fá foreldra til að líka við síðuna og/eða gerast áskrifendur að efni frá henni.
- Gera fréttabréf félagsins í byrjun skólaársins, biðja skólann að senda það út. Miðla hvað var gert síðasta vetur og hvað stendur til þennan vetur.
- Hafa samráð við nemendafélag Lágafellsskóla, hvað sjá þau fyrir sér að FFLS geti gert?
- Ásta Steina tengiliður vegna heimasíðu skólans, þegar setja þarf fundargerðir o.þ.h. þar inn.
- Óskað verður eftir fundi með skólastjórnendum fyrir hönd félagsins. Hefur verið einu sinni á vetri en væri gott að hafa einu sinni á önn, t.d. í október og janúar.
 - Næsti fundur FFLS, fjarfundur, verður boðaður til undirbúnings fundar með skólastjórnendum þegar tímasetning er komin á hann.
- Fjarfundir FFLS hafa gefist vel meðfram staðfundum, samþykkt að halda því fyrirkomulagi áfram að einhverju leyti.
- Fyrir næsta fund:
 - Hugsa hugmyndir fyrir starfsáætlun vetrarins.
 - Hugsa efni fyrir fund með skólastjórnendum.